


LANDABRÉF

Fréttabréf Landfræðifélagsins

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson,
Jöklaseli 1. Rvk.

2. tbl. aukablað. 4. árg. ágúst 1982.



LANDFRÆÐIFÉLAGIÐ
FRÉTTIÐ
1982

FRÆDSLUFERÐ

Fræðsluferð Landfræðifélagsins verður farin laugardaginn þann 4. september 1982. Leiðin er sýnd á meðfylgjandi korti. Farið verður með Akraborginni til Akraness, byggðasafnið að Görðum skoðað og síðan haldið til Járnblanderksmiðjunnar á Grundartanga. Leiðsögumaður um Akranes og að Grundartanga verður Guðmundur Guðjónsson landfræðingur.


Eftir hádegisverð á Grundartanga verður Járnblanderksmiðjan skoðuð undir leiðsögn Baldurs Magnússonar. Að því loknu verður ekið um Leirársveit, Svínadal, Hvalfjarðarströnd og inn í Botnsdal. Leiðsögumaður á þessum hluta leiðarinnar verður Gylfi Már Guðbergs-son sem mun auk þess að gefa leiðarlýsingu segja frá verkefni landfræðinema árið 1975 í sveitum við Hvalfjörð.

Inn í Botnsdal verður gengið að fossinum Glym. Er áætlað að gönguferðin taki þrjá tíma. Í Botnsdal gefst einnig tími til að snæða nesti sem þátttakendur hafa með sér.

Á leiðinni frá Botnsdal til Reykjavíkur mun Jóhanna Axelsdóttir segja frá kvöðum og hlunnindum í Kjós og á Kjalarnesi. Áætlaður komutími til Reykjavíkur er um kl. 19.

Þeir sem ætla að taka þátt í ferðinni eru beðnir að mæta við aðalbyggingu Háskóla Íslands kl 9⁰⁰ þann 4. september næstkomandi. Farareyrir er 100 krónur.

Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, sími 28848
Theódór Theódórsson, sími 10861



Miranes

Gundar
Hvításkóli

Akrafjall

Leifgarssveit

Eiða-
vörð

Hvalfjörður
Hvalfjörður
Hvalfjörður
Hvalfjörður

Svinaadalur

Skjalta-
af-garstrá

Glyngur
Björnsdalur

1 : 200 000



----- Akvegur